

Skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum

Tímabil júlí - september 2014

Rafræn skil á fjármagnstekjuskatti

Á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, er hægt að gera full skil á fjármagnstekjuskatti. Undir liðnum Vefskil er valið Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts og opnast þá form til útfyllingar. Bæði er hægt að nota aðalveflykil og skilalykil. Þegar skilagrein hefur verið send rafrænt verður til krafa í heimabanka gjaldanda.

Skila skal núllskýrslu þrátt fyrir að engar skattskyldar greiðslur hafi átt sér stað á tímabilinu.

Fjármagnstekjuskattur er 20%

Arðgreiðslur

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

Vaxtatekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

Sundurliðun upplýsinga

Skilaskyldum aðilum ber að gera sundurliðaða grein fyrir fjármagnstekjum og afdreginni staðgreiðslu á hverjum ársfjórðungi. Sundurliðun vegna þriðja ársfjórðungs ársins 2014 skal gerð við skil með eindaga í nóvember.

Skiladagur

Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á þriðja ársfjórðungi 2014 er 20. október 2014 en eindagi er 4. nóvember. Skilaskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða staðgreiðslu af fjármagnstekjum í síðasta lagi á eindaga.

Vanskil

Ef skilaskyldur aðili framvísar ekki fullnægjandi skilagrein rafrænt eða á pappír innan tilskilinna tímamarka skal ríkisskattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð.

Næsti skiladagur

Næsti gjalddagi er 20. janúar 2015 vegna tekna á ársfjórðungnum október - desember og eindagi 5. febrúar 2015.